



Alþingi - nefndasvið

Efni:

***Umsögn um tillögu til þingsályktunar um
hagsmunafulltrúa aldraðra, 69. mál***

á fundi öldungaráðs 7. október s.l. var tekið fyrir erindi frá nefndarsviði Alþingis dags. 26. september 2019, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um
hagsmunafulltrúa aldraðra, 69. mál. Öldungaráð þakkar fyrir það tækifæri og samþykkti
svohljóðandi umsögn:

Öldungaráð fagnar tillögunni en með henni er lagt til að fela félags- og barnamálaráðherra herra að leggja fyrir árslok 2020 fram frumvarp til laga um embætti hagsmunafulltrúa aldraðra. Ráðið tekur undir þau sjónarmið sem reifuð eru í greinargerð með tillögunni um að lög og reglur um málefni aldraðra eru flókin, ekki síst á sviði skatta, almannatrygginga og heilbrigðismála. Þá sé þjónusta við aldraða ýmist á höndum ríkis, sveitarfélaga eða einkaaðila og tilkoma embættis hagsmunafulltrúa aldraðra sem myndi meðal annars hafa góða yfirsýn yfir regluverk um málefni aldraðra á öllu landinu, sinna hagsmunagæslu og leiðbeint um réttindi þeirra og skyldur, yrði því jákvæð.

Hins vegar telur ráðið að hagsmunagæsla slíks hagsmunafulltrúa yrði að takmarkast við lög og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Ráðið gerir því athugasemd við orðalag í eftirfarandi setningu í greinargerðinni:

„Hagsmunafulltrúa aldraðra ber að hafa frumkvæðiseftirlit með persónulegum högum allra eldri borgara, sérstaklega með tilliti til að koma ii veg fyrir félagslega einangrun, næringarskort og almennt bágan aðbúnað þeirra.”

Skýra þurfi betur hvað felist í frumkvæðiseftirliti sem vísað er til og hvaða heimildir hagsmunafulltrúinn myndi hafa við eftirlitið.

Virðingarfyllst

Elísabet Pétursdóttir